



Fundargerð – læsisteymi

Dags.: 15. desember 2022

Mættir: Anna, Ásdís, Mæja, Nanna og Sunna (Sella vinnur ekki á fimmtudögum og mætti því ekki)

Fundur hófst 14:10

Rætt um lestrarátak sem hrinda á af stað í janúar.

-Hugmynd um að búa til veifur og hengja upp á bókasafninu.

-Hugmynd um að búa til lestrarhópa (getuskipta). Hver og einn hópur fær bók í hendur og á að lesa hana og búa til kynningu úr henni. Kynningin fer á QR kóða sem límist svo aftan á bækurnar.

-Hugmynd um að fara sömu leið og Bókasafn Breiðholtsskóla, sem bjó til Mikka peninga sem þau fengu fyrir lestur. Þegar þau höfðu safnað sér nægum pening máttu þau kaupa sér af skólabókasafninu. Í boði var t.d. bókamerki, gríma, 30 mín. í spilatíma með skólastjóra, útitími... hvað sem okkur dettur í hug.

Ákveðið að fara í lestrarpeningasöfnun eins og í Breiðholtsskóla. Nanna hefur samband við BB og fær nánari upplýsingar. Framkvæmdir hefjast hjá læsisteymi strax 2. janúar. Lestrarátak hefst 9. janúar og stendur yfir allan mánuðinn.

Fleira ekki gert og fundi slitið 15:03